

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið
Skrifstofa orkumála
urn@urn.is

Reykjavík, 6. júlí 2026

Efni: Umsögn Samorku um áform um frumvarp til laga um orkunýtni, S-103/2026

1. Inngangur

Samorka, samtök orku- og veitufyrirtækja, þakka fyrir tækifærið til að koma á framfæri sjónarmiðum um áform um frumvarp til laga um orkunýtni.

Samorka styður markmið um hagkvæma orkunýtingu og skilvirka nýtingu orkuauðlinda. Jafnframt er mikilvægt að við innleiðingu orkunýtnilskipunarinnar verði tekið mið af sérstöðu íslenska orkukerfisins og þeim aðlögunum sem Ísland hefur fengið við upptöku gerðarinnar í EES-samninginn.

Samorka bendir á að sú greining sem stjórnvöld létu vinna vegna innleiðingarinnar byggir að verulegu leyti á því að íslenskar aðstæður séu frábrugðnar þeim sem almennt á við innan Evrópusambandsins. Sérstaklega er bent á hátt hlutfall endurnýjanlegrar orku, sérstöðu húshitunar með jarðhita og umfang orkufreks iðnaðar. Mikilvægt er að þessar forsendur endurspeglar einnig í framkvæmd laganna.

2. Framkvæmd, gagnasöfnun og stjórnsýsla

Samorka telur mikilvægt að útfærsla laganna verði einföld og gagnsæ og að forðast verði óþarfa stjórnsýslubyrði fyrir fyrirtæki og opinbera aðila.

Í áformunum er gert ráð fyrir að Umhverfis- og orkustofnun fái auknar heimildir til eftirlits, mælinga og gagnasöfnunar vegna eftirfylgni með sparnaðarmarkmiðum. Á þessu stigi liggur þó ekki fyrir hvernig þeim verkefnum verður háttað í framkvæmd, hvaða gögnum þarf að safna eða hvaða skyldur kunna að falla á einstaka markaðsaðila.

Áður en endanleg lagafrumvörp liggja fyrir telur Samorka nauðsynlegt að gerð verði nánari grein fyrir fyrirhuguðum gagnaskilum, umfangi þeirra og áhrifum á hlutaðeigandi aðila. Sérstaklega þarf að tryggja að kostnaður og umsýsla sem fylgir gagnasöfnun og skýrslugjöf sé í eðlilegu hlutfalli við þann ávinning sem stefnt er að. Þá er einnig óljóst hvernig landsmarkmiðið um 25% bættu orkunýtni fyrir árið 2030 verður mælt og metið í framkvæmd. Þótt markmiðið sé tilgreint í áformunum kemur ekki fram hvaða aðferðafræði eða mælikvarðar verði lagðir til grundvallar við eftirfylgni. Mikilvægt er að þetta verði skýrt áður en frumvarp verður lagt fram.

Landsmarkmið um bættu orkunýtni þurfa að byggja á traustri greiningu og raunhæfu mati á þeim tækifærum sem fyrir hendi eru hér á landi. Í því sambandi bendir Samorka á skýrsluna „Engin orkusóun“, sem gefin var út árið 2023 og unnin var af Implement fyrir Landsvirkjun, umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið og Orkustofnun. Þar voru kortlögð tæknilega og fjárhagslega raunhæf tækifæri til bættrar orkunýtni á Íslandi og komist að þeirri niðurstöðu að raunhæfur sparnaður í raforkunotkun gæti numið um 8%. Í ljósi þess vekur athygli að áformin gera ráð fyrir landsmarkmiði um 25% bættu orkunýtni án þess að skýrt sé hvernig því verði náð eða á hvaða forsendum markmiðið byggir. Að mati

Samorku er mikilvægt að markmiðasetning stjórnvalda byggi á greiningum og að ekki séu sett metnaðarfullri landsmarkmið en efni standa til eða rökstudd þörf er fyrir.

Áður en nýjar skyldur um mælingar, gagnaskil, upplýsingagjöf eða eftirlit eru innleiddar þarf að liggja fyrir skýrt mat á kostnaði og ávinningi þeirra. Í þeirri greiningu þarf að taka mið af íslenskum aðstæðum og þeim niðurstöðum sem fram koma í áhrifamati innleiðingarinnar, þar sem ítrekað er bent á að kostnaðarhagkvæmni margra aðgerða sé önnur hér á landi en í Evrópu. Nýjar kröfur ættu því ekki að vera innleiddar nema sýnt sé fram á að ávinningur þeirra réttlæti þann kostnað og þá stjórnslu sem þeim fylgir.

3. Áhrif á orku- og veitufyrirtæki

Samorka bendir á að áformin fjalla takmarkað um möguleg áhrif á dreifiveitur, Landsnet og önnur orkufyrirtæki.

Óljóst er að svo stöddu að hvaða marki upplýsingagjöf og mælingar vegna sparnaðarmarkmiða munu byggja á gögnum frá þessum aðilum. Mikilvægt er að slíkar skyldur verði skýrt afmarkaðar og að áhrif þeirra á rekstur fyrirtækjanna verði metin áður en endanleg útfærsla liggur fyrir.

Þá er einnig mikilvægt að hafa í huga að nýjar skyldur stórfyrirtækja um orkuúttektir eða orkustjórnunarkerfi kunna að leiða til aukinnar eftirspurnar eftir gögnum og upplýsingum frá orkufyrirtækjum.

4. Sérstaða hitaveitna

Samorka telur mikilvægt að við áframhaldandi vinnu verði sérstaklega tekið tillit til sérstöðu íslenskra hitaveitna.

Í fyrirbyggjandi greiningum vegna innleiðingarinnar er bent á að íslenskar aðstæður í húshitun séu um margt frábrugðnar því sem þekkist víða í Evrópu og að kostnaðarhagkvæmni ýmissa mæla- og upplýsingakrafna geti verið takmörkuð. Samorka telur mikilvægt að framkvæmd laganna taki mið af þessu, sérstaklega þegar kemur að minni hitaveitum þar sem nýjar kröfur geta haft hlutfallslega meiri áhrif á rekstur og kostnað, án augljós ávinnings.

5. Lokaorð

Samorka leggur áherslu á að innleiðing orkunýtnisSKIPUNARINNAR verði einföld, skilvirk og taki mið af íslenskum aðstæðum. Mikilvægt er að nýjar kröfur um eftirlit, gagnasöfnun og upplýsingaskil séu skýrt rökstuddar og að sýnt sé fram á að ávinningur þeirra vegi upp kostnað og umsýslu sem þeim fylgir.

Samorka lýsir sig reiðubúna til áframhaldandi samráðs við ráðuneytið við undirbúning frumvarpsins.

Virðingarfyllst, f.h. Samorku



Jón Gunnarsson, verkefnastjóri greininga